

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/758****2016/EES/57/15****frá 4. febrúar 2016****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 að því er varðar aðlögun
III. viðauka við hana (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1315/2013 er mögulegt að breyta leiðbeinandi kortum yfir samevrópska flutninganetið (TEN-T), sem hefur verið víkkað út svo það nái til tiltekinnna nágrannalanda, á grundvelli samninga á milli háttsettra aðila í Sambandinu og hlutaðeigandi nágrannalanda um net samgöngugrunnvirkja.
- 2) Hinn 27. ágúst 2015 var samningur milli háttsettra aðila í Sambandinu og landanna á vesturhluta Balkanskaga, Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Kósovó, Makedóníu (Fyrirverandi Lýðveldi Júgóslavíu), Montenegro og Serbíu studdur á sjötta leiðtogafundinum um vesturhluta Balkanskaga, sem haldinn var í Vín, um breytingu á leiðbeinandi útvíkkun heildarkortanna yfir samevrópska flutninganetið auk ákvörðunar grunnnettenginga á heildarnetkortunum. Samningurinn varðar járnbrautalínur og vegakerfi, auk hafna og flugvalla. Breyting leiðbeinandi heildarnetkorta og einkum ákvörðun leiðbeinandi grunnnets ætti að gera Sambandinu kleift að gera samstarf sitt við vesturhluta Balkanskaga markvissara, einnig með tilliti til fjárstuðnings.
- 3) Hinn 30. október 2015 náðust samningur milli háttsettra aðila í Sambandinu og á Íslandi og í Noregi innan ramma sameiginlegu nefndarinnar sem komið var á með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið um breytingu á leiðbeinandi útvíkkun heildarkortanna yfir samevrópska flutninganetið í umræddum löndum. Breytingin varðar takmarkaðan fjölda leiðréttinga á kortum yfir vega-, hafna- og flugvallanetið til þess að endurspegla betur legu leiðbeinandi samevrópska flutninganetsins, samkvæmt TEN-T aðferðafræðinni ⁽²⁾.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1315/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1315/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 126, 14.5.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1.

⁽²⁾ SWD(2013) 542, lokagerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1315/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 11.1 komi eftirfarandi:



„11.1 Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda

Heildar- og grunnnet: Skipgengar vatnaleiðir og hafnir

Kongeriket Norge / Kongeriket Noreg – Lýðveldið Ísland

11



2) Í stað liðar 11.2 komi eftirfarandi:



„11.2 Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda

Heildarnet: Járnbrautir, hafnir og brautar-/vega-flutningamiðstöðvar (RRT)

Grunnnet: Járnbrautir (fyrir vöruflytninga), hafnir og brautar-/vega-flutningamiðstöðvar (RRT)

Kongeriket Norge / Kongeriket Noreg – Lýðveldið Ísland

11



Heildarnet	Grunnnet	Heildarnet	Grunnnet	Heildarnet	Grunnnet
Almenn járnbraut / Lokið	Almenn járnbraut / Endurnýjun fyrirhuguð	Háhraðajárnbraut / Lokið	Endurnýjun fyrirhuguð í háhraðajárnbraut	Hafnir	Brautar-/vega-flutningamiðstöðvar (RRT)
Almenn járnbraut / Á skipulagi		Háhraðajárnbraut / Á skipulagi			

TENtec

3) Í stað liðar 11.3 komi eftirfarandi:



11.3 Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Járnbrautir og flugvællir
Grunnnet: Járnbrautir (fyrir farþegaflutninga) og flugvællir
Kongeriket Norge / Kongeriket Noreg – Lýðveldið Ísland

11



Heildarnet	Grunnnet	Heildarnet	Grunnnet	Heildarnet	Grunnnet
Almenn járnbraut / Lokið	Almenn járnbraut / Endurnýjun fyrirhuguð	Háhraðajárnbraut / Lokið	Endurnýjun fyrirhuguð i háhraðajárnbraut	+	Flugvællir
Almenn járnbraut / Á skipulagi		Háhraðajárnbraut / Á skipulagi			

4) Í stað liðar 11.4 komi eftirfarandi:



„11.4 Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda

Heildar- og grunnnet:

Vegir, hafnir, brautar-/vega-flutningamiðstöðvar (RRT) og flugvellar

Kongeriket Norge / Kongeriket Noreg – Lýðveldið Ísland

11




TENtec

5) Í stað liðar 13.1 komi eftirfarandi:



„13.1 Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildar- og grunnnet: Skipgengar vatnaleiðir og hafnir
Svæðið á vesturhluta Balkanskaga

13



Grunnnet	Heildarnet	Grunnnet
Skipgengar vatnaleiðir / Lokið Skipgengar vatnaleiðir / Endurnýjun fyrirhuguð Skipgengar vatnaleiðir / Á skipulagi	Hafnir	Hafnir**

6) Í stað liðar 13.2 komi eftirfarandi:

„13.2 Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda


Heildarnet: Járnbrautir, hafnir og brautar-/vega-flutningamiðstöðvar (RRT)

Grunnnet: Járnbrautir (fyrir vöruflutninga), hafnir og brautar-/vega-flutningamiðstöðvar (RRT)

Svæðið á vesturhluta Balkanskaga



13



Heildarnet	Grunnnet	Heildarnet	Grunnnet	Heildarnet	Grunnnet
Almenn járnbraut / Lokið	Almenn járnbraut / Endurnýjun fyrirhuguð	Háhraðajárnbraut / Lokið	Endurnýjun fyrirhuguð í háhraðajárnbraut	Hafnir	Brautar-/vega-flutningamiðstöðvar (RRT)
	Almenn járnbraut / Á skipulagi		Háhraðajárnbraut / Á skipulagi		

7) Í stað liðar 13.3 komi eftirfarandi:




„13.3 Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda

Heildarnet: Járnbrautir og flugvællir

Grunnnet: Járnbrautir (fyrir farþegaflutninga) og flugvællir

Svæðið á vesturhluta Balkanskaga

13



Heildarnet	Grunnnet	Heildarnet	Grunnnet	Heildarnet	Grunnnet
Almenn járnbraut / Lokið	Almenn járnbraut / Endurnýjun fyrirhuguð	Háhraðajárnbraut / Lokið	Endurnýjun fyrirhuguð í háhraðajárnbraut	Flugvællir*	
Almenn járnbraut / Á skipulagi		Háhraðajárnbraut / Á skipulagi			

TENtec

8) Í stað liðar 13.4 komi eftirfarandi:

„13.4 Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda

Heildar- og grunnnet:

Vegir, hafnir, brautar-/vega-flutningamiðstöðvar (RRT) og flugvellar
Svæðið á vesturhluta Balkanskaga

13



Heildarnet Grunnnet

- Vegur / Lokið
- - - Vegur / Endurnýjun fyrirhuguð
- - - Vegur / Á skipulagi

Heildarnet Grunnnet

- ⚓ Hafnir
- ⚓ brautar-/vega-flutningamiðstöðvar (RRT)

Heildarnet Grunnnet

- ✈ Flugvellir